

Nr. 099 / 09 Sæborg PH 55 _ Karólína PH 100**Ásigling í höfn****Sæborg**

Skipaskr.nr. 2069
 Smíðaður: Hafnarfjörður 1990, plast
 Stærð: 5,5 brl. 9,2 bt.
 Mesta lengd: 9,97 m Skráð lengd: 9,68 m
 Breidd: 3,15 m Dýpt: 1,12 m
 Vél: Iveco, 185 kW, 1998
 Fjöldi skipverja: 1



Sæborg © Hafþór Hreiðarsson

Karólína

Skipaskr.nr. 2760
 Smíðaður: Hafnarfjörður 2007, plast
 Stærð: 11,7 brl. 14,9 bt.
 Mesta lengd: 11,94 m Skráð lengd: 10,73 m
 Breidd: 4,18 m Dýpt: 1,62 m
 Vél: Yanmar, 368 kW,
 Fjöldi skipverja: 0



Karólína© Hafþór Hreiðarsson

Gögn:

Lögregluskýrslur
 Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29. júlí 2009 var Sæborg PH 55 í höfninni á Húsavík.

Sæborg PH var að koma úr róðri og lónaði í höfninni og beið eftir að komast að löndunarkrana en Stebbi Hansen EA var þar fyrir. Þegar Stebba Hansen EA var bakkað frá bryggjunni setti skipstjórinn á Sæborgu PH á ferð áfram. Hann reiknaði ekki með að Stebbi Hansen EA myndi sigla fyrir framan Sæborgu PH heldur bakka lengra.

Skipstjórinn, sem var við stjórnstöð úti á þilfari, ætlaði að setja í afturábak en þá skrollaði handfangið á öxlinum. Hraði Sæborgar PH jókst þegar hann hreyfði stöngina fram og til baka til að fá hana til að virka. Stebbi Hansen EA rétt slapp fyrir framan bátinn en Sæborg PH lenti með talsverðu afli á Karólínu PH sem lá mannláus

við bryggjuna fyrir framan löndunarkranann. Talsverðar skemmdir urðu á báðum bátunum.

Við rannsókn kom fram:

- að skiptibúnaður er úr áli og með ríflur sem pressast utan um öxulinn með bolta (*sjá mynd*);
- að eftir atvikið var borað í gegnum handfangið og öxulinn og bolti settur í gegn (*sjá mynd*) til að koma í veg fyrir að þetta gerðist aftur.



Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.